

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2271****2023/EES/26/03****frá 15. desember 2016****um jafngildi kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í
samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 2. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, sem og upplýsingaskyldu um slíka samninga. OTC-afleiður eru í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ⁽²⁾ 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því eru afleiðusamningar sem viðskipti eru með á markaði í þriðja landi sem telst ekki jafngildur skipulegum markaði skilgreindir sem OTC-afleiðusamningar að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 2) Í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 telst markaður þriðja lands jafngildur skipulegum markaði ef hann uppfyllir lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og fellur undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í þriðja landi á áframhaldandi grundvelli.
- 3) Til að markaður þriðja lands geti talist jafngildur skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB ættu gildandi lagalega bindandi kröfur og fyrirkomulag eftirlits og framfylgdar í meginráttum að hafa svipuð áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávöru í Japan séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og að þessir markaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Markaðir sem hafa starfsleyfi sem kauphallir fyrir fjármálagerninga eða kauphallir fyrir hrávöru á þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt ættu því að vera tilgreindir sem markaðir sem teljast jafngildir skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.
- 4) Lagarammi Japans um kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávöru samanstendur af lögnum um fjármálagerninga og kauphallir frá 2006 (Financial Instruments and Exchange Act (FIEA)), sem koma á fót regluramma um kauphallir fyrir fjármálagerninga, og lögnum um hrávöruafleiður frá 2009 (Commodity Derivatives Act (CDA)) sem kveða á um reglu- og eftirlitsramma um kauphallir fyrir hrávörur. Afleiðusamningar um undirliggjandi hrávöru eru skráðir í kauphöll fyrir hrávörur og afleiður á grundvelli fjármálagerninga eru skráðar í kauphallir fyrir fjármálagerninga. Reglur um kauphallir fyrir fjármálagerninga eru þróaðar frekar í fullnustufyrirmælum laganna um fjármálagerninga og kauphallir og reglugerð stjórnarskrifstofu um kauphallir fyrir fjármálagerninga, en reglur um kauphallir fyrir hrávörur eru settar nánar fram í fullnustufyrirmælum laganna um kauphallir fyrir hrávörur og reglugerð um framfylgd laganna um hrávöruafleiður. Þar að auki njóta bæði kauphallir fyrir hrávörur og kauphallir fyrir fjármálagerninga tiltölulega mikils sjálfseftirlitsvalds að því er varðar tiltekna kröfur. Sjálfseftirlitsvald kauphalla fyrir fjármálagerninga felur einkum í sér viðskiptareglur í tengslum við skráningu og afskráningu fjármálagerninga,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 99, 12.12.2019, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjttð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

viðskiptafyrirkomulag og aðildarkröfur. Leggja skal starfsreglurnar fyrir forsætisráðherra Japans til samþykktar (81. gr. laganna um fjármálagerninga og kauphallir). Sjálfseftirlitsvald kauphallarinnar fyrir hrávörur er framkvæmt af sjálfseftirlitsnefnd hennar eða sjálfseftirlitsdeild. Í markaðsreglum kauphalla fyrir hrávörur eru settar fram viðskiptareglur og aðildarkröfur sem leggja skal fyrir ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs (MAFF) og ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar (METI) til samþykktar. Sjálfseftirlitsreglurnar eru lagalega bindandi fyrir kauphallir.

- 5) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um samþykktar kauphallir í Japan hafa jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB á eftirfarandi sviðum: leyfisveitingaferli, kröfur um skilgreiningu, aðgangur að kauphöllinni, skipulagskröfur, kröfur til framkvæmdastjórnar, taka fjármálagerninga til viðskipta, tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum, eftirlit með að farið sé að reglum og aðgangur að stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi.
- 6) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB gilda kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti aðeins um hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum. Þrátt fyrir að unnt sé að taka hlutabréf til viðskipta í kauphöllum fyrir fjármálagerninga telur framkvæmdastjórnin að matið á þeim kröfum skipti ekki máli að því er varðar þessa ákvörðun þar sem markmiðið með henni er að sannreyna jafngildi lagalega bindandi krafna sem gilda um markaði þriðja lands að því er varðar afleiðusamninga sem viðskipti eru með á þessum mörkuðum.
- 7) Niðurstaðan er því að hinar lagalega bindandi kröfur til kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávörur í Japan hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB.
- 8) Kauphallirnar fyrir hrávörur starfa undir eftirliti ráðuneytis efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneytis landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs. Með lögnum um hrávöruafleiður er settur rammi um eftirlitsheimildir ráðuneytis efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneytis landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs. Einkum samþykkir ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs markaðsreglur kauphallar fyrir hrávörur, reglur hennar um miðlunarsamninga, lausn deilumála eða reglur um nefnd um eftirlit með markaðsviðskiptum og allar breytingar á þeim. Til að tryggja góða viðskiptahætti og fjárfestavernd getur ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs enn fremur krafist þess að kauphöll fyrir hrávörur breyti félagssamningum, öðrum reglum eða viðskiptaáðferðum eða geri aðrar ráðstafanir til að bæta viðskiptastarfsemi sína. Ef kauphöll fyrir hrávörur beitir ekki sjálfseftirlitsvaldi sínu rétt og gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða viðskiptahætti og vernd fjárfesta er ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs heimilt að afturkalla starfsleyfi hennar eða stöðva tímabundið alla eða hluta af starfsemi kauphallarinnar. Kauphallir fyrir fjármálagerninga falla undir eftirlit forsætisráðherra Japans en valdheimildir hans eru framseldar til framkvæmdastjóra fjármálaeftirlits Japans (the Japan Financial Services Agency (JFSA)). Í 5. þætti V. kafla laganna um fjármálagerninga og kauphallir er mælt fyrir um eftirlitsráðstafanir sem Fjármálaeftirlit Japans getur beitt. Einkum getur Fjármálaeftirlit Japans, ef kauphöll fyrir fjármálagerninga brýtur gegn lögum og reglugerðum, afturkallað starfsleyfi eða gefið út fyriræmi um tímabundna stöðvun allrar eða hluta af starfsemi kauphallar fyrir fjármálagerninga. Enn fremur getur Fjármálaeftirlit Japans krafist þess að kauphöll fyrir fjármálagerninga breyti félagssamningum sínum, starfsreglum, reglum um miðlunarsamninga eða öðrum reglum eða viðskiptaháttum eða geri aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits. Félagssamningar kauphallar fyrir fjármálagerninga skulu innihalda viðurlög vegna brota aðila hennar á viðskiptareglum kauphallarinnar. Ef kauphöll fyrir fjármálagerninga framkvæmir ekki markaðseftirlit með skilvirkum hætti getur fjármálaeftirlit Japans gripið til framfylgdaraðgerða, þ.m.t. til afturköllunar starfsleyfis eða tímabundinnar stöðvunar á viðskiptum.
- 9) Niðurstaðan er því að kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í Japan á viðvarandi grunni.
- 10) Skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. a. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti því að teljast vera fullnægt að því er varðar samþykktar kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan.
- 11) Þessi ákvörðun er á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan sem eru í gildi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta reglulega þróunina í laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu fyrir þessa markaði og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggist á. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- 12) Regluleg endurskoðun á fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir um kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt var með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast samþykktar kauphallir fyrir fjármálagerninga og samþykktar kauphallir fyrir hrávörur í Japan, sem settar eru fram í viðaukanum, jafngilda skipulegum mörkuðum eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—————
VIDAUKI

Kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan sem um getur í 1. gr.:

- a) Tokyo Stock Exchange, Inc.,
 - b) Osaka Exchange, Inc.,
 - c) Nagoya Stock Exchange, Inc.,
 - d) Fukuoka Stock Exchange,
 - e) Sapporo Securities Exchange,
 - f) Tokyo Financial Exchange Inc.,
 - g) Osaka Dojima Commodity Exchange,
 - h) Tokyo Commodity Exchange, Inc.
-